

AUGLÝSING
um breytingu á gjaldskrá fyrir meðhöndlun úrgangs
í Reykhólahreppi, nr. 1817/2024.

1. gr.

2. gr. gjaldskrárinnar breytist og hljóðar svo:

Úrgangur frá heimilum í sveitarfélaginu skal flokkaður í 7 flokka og er að lágmarki greitt gjald fyrir grunneiningu fjögurra íláta við húsvegg. Grunneining samanstendur af ílátum fyrir plastefni, pappír og pappa, lífrænan úrgang og blandaðan heimilisúrgang. Til viðbótar skal safna gleri, málmum og textíl sem skila skal í lúgur við endurvinnslustöð.

Sorpiáttagjald:

Blandaður heimilisúrgangur 240 l tunna	34.000 kr.
Endurvinnslutunna plast 360 l tunna	9.000 kr.
Endurvinnslutunna pappír 360/660 l tunna	9.000 kr.
Lífrænn úrgangur 140 l tunna	10.000 kr.

Rekstur grenndar- og söfnunarstöðvar:

Fristundahús og lögbýli í dreifbýli hafa aðgang að grenndarstöðvum á nokkrum stöðum í sveitarfélaginu. Gjald fyrir þá þjónustu er 16.000 kr. yfir árið.

Fast gjald 30.000 kr. er lagt á allar fasteignir í sveitarfélaginu til að standa straum af veittri þjónustu tengdri málaflöknum og er ekki beintengt úrgangsmagni s.s. umsýsla, fræðsla, hreinsun rusls á víðivangi, rekstur endurvinnslustöðvar fyrir gler, málum og textíl og aðgengi að endurvinnslusvæði með gjaldfrjálsan úrgang.

Í Flatey eru ekki sorptunnur við íbúðarhús heldur skila íbúar af sér óflokkuðu sorpi og lífrænum úrgangi á söfnunarstöð á hafnarsvæði. Gjald vegna heimilisúrgangs í Flatey er kr. 44.000 yfir árið.

2. gr.

Breyting þessi er sett samkvæmt ákvæðum 23. gr. laga nr. 55/2003 um meðhöndlun úrgangs og 59. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir og öðlast þegar gildi.

Þannig samþykkt af sveitarstjórn Reykhólahrepps 12. febrúar 2025.

Reykhólahreppi, 13. febrúar 2025.

Ingibjörg B. Erlingsdóttir sveitarstjóri.

B-deild – Útgáfudagur: 18. mars 2025